



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
Re: beiðni um umsögn
Sent: 15-05-2019 08:15:09 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050004, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019050004

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun og gagna sem fylgdu með erindinu, dags. 2. maí sl., þar sem er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn 3H Travel ehf um leyfi til að setja upp járnstiga upp á koll Þríhnúkagígs.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að heimilað verði að setja upp umræddan járnstiga, en vísað er í samskonar járnstiga í Saxhól í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Stofnunin telur að það geti verið til bóta miðað við þá umferð sem er um svæðið. Afstaða Náttúrufræðistofnunar byggir m.a. á þeim forsendum sem koma fram í umsókninni þ.e. að verkið verð ekki unnið með tækjum heldur sé gert ráð fyrir að öll vinna við jöfnun undir þrepin, niðursetningu og frágang verði unnin með „höndum“ og þannig komið í veg fyrir allt óþarfa rask.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
Dags: 05/02/2019 05:25:57 PM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: beiðni um umsögn

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá 3H travel dags. 6. febrúar 2019 með viðbótargögnum dags. 14. apríl 2019, um leyfi til uppsetningar á járnstiga upp á koll Þríhnúkagígs.

Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar á hvort framkvæmdin sé líkleg til að hafa neikvæð áhrif á jarðfræði svæðisins.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 17. maí 2019.

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúru, Department for Nature

~b398151

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)